

EFTIRLITSSKÝRSLA nr. 7

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 25/8 – 27/8 - '19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetja línuslóð og hafa eftirlit með umgengi og frágangi til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

Ábendingar: **Svæði 1.** Slóðagerð er komin að Krókmelshellum. Á þessu svæði eru fallegar hraunmyndanir (hólar) úr helluhrauni þó eru þarna á milli lægðir með foksandi. Þarna á að leggja áherslu á að fylgja lægðum og forðast að raska hrauninu nema þar sem möstur lenda á hólunum. Þetta kostar nokkra vinnu við að stika leið og slóðin lengist óhjákvæmilega nokkuð en er vel þess virði ef unnt er að hlífa fallegum jarðminjum.

Slóðin er á kafla sem liggur um mólendi frágengin að kalla. Leggja áherslu á að við frágang slóðarinnar verði grjótrastir fjarlægðar úr köntum. Á a.m.k. tveimur stöðum hefur uppmokstri verið smurt yfir gróíð land utan við slóðina. Þetta er ljótt og til þess eins fallið að kæfa gróður. Þetta efni á að fjarlægja.

Verktaki hefur haft það verklag að tippa út efni með gröfu, þetta virðist hafa í för með sér að slóðin verður ekki eins mótuð og unnt væri að ná. Kanna ætti hvort betri árangur næst ef efni er tippað út með jarðýtu. Annars þarf að móta slóð betur þar sem efni hefur verið dregið út fyrir slóðina.

Varðandi slóðagerð í og við Fjallgjá ætti ekki að raska austurvegg gjárinnar. Ef góð leið finnst með línunni niður í gjána að vestanverðu ætti að skoða þann kost en fara alls ekki með slóð milli mastra 87 og 88 upp úr gjánni.


Svæði 2. Búið er að stika leið að mastri 246. Á þessu svæði þarf að huga betur að efnistöku. Þarna eru melar sem jarðeigendur hafa nota og virðist þar vera ágætis efni og ætti að nýta þessi svæði. Eftirlit þarf að vera vakandi fyrir því að ekki verði tekið efni úr svæðum sem landeigendum er annt um eins og hólinn Hundur, Tófuhol og Sjónarhól. Þar sem slóðin verður lögð í gamla slóð sem er nokkuð grafin ætti að brjóta bakka niður í slóðina áður en efni er keyrt í hana. Að mastri 239 ætti að fara í gömul för milli línanna beint að mastriinu. Skoðaðir voru mögulegir efnistökuastaðir með landeigendum.

Á austari hluta leiðarinnar þar sem línun nálgast Jökuldal þarf að skoða hvort betri kostur sé að leggja slóð meðfram Kröflulínu 3 í stað þess að fara að hverju mastri frá núverandi slóð þar sem hæðarmunur er nokkur og um votlendi að fara neðan núverandi slóðar.

Frávik: Engin

Niðurstaða eftirlits: Reynt að forðast rask í hrauni og í votlendi. Af þeim sökum verður slóðin lengri en ella.

18. október 2019, Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.